

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3568/92

frá 10. desember 1992

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3664/91 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 3279/92⁽²⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3664/91⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1914/92⁽⁴⁾, fjallar um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum.

Frestur sem var gefinn til 17. október 1992 vegna fullvinnslu tiltekinna vara er falla undir reglugerð (EBE) nr. 1601/91 og frestur til 16. desember 1992 vegna fyrsta stigs markaðssetningar þeirra með kynningu sem er í samræmi við ákvæði sem voru í gildi fyrir 17. desember 1991, ætti að framlengjast á meðan beðið er eftir niðurstöðum ítarlegrar tæknilegrar rannsóknar á notkun tiltekinna efna eða efna-samsetninga í nokkrum tegundum drykkja sem falla undir reglugerðina.

Á meðan beðið er eftir niðurstöðum ítarlegrar rannsóknar á þessum óleystu vandamálum ætti að fresta gildistöku nákvæmra reglna um beitingu og dagsetningu vegna ákvörðunar um hugsanlegar undanþágur, en dagsetningin er nú í báðum tilvikum 31. desember 1992.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndar um kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 3664/91 er breytt sem hér segir:

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. L 327, 13. 11. 1992, bls. 1.

⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. L 348, 17. 12. 1991, bls. 53.

⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. L 192, 11. 7. 1992, bls. 39.

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við 1. gr.:

„5. Eftirtaldar vörur bandalagsins og innfluttar vörur sem eru framleiddar í samræmi við ákvæði sem voru í gildi fyrir 17. desember 1991 má setja í gegnum fyrsta stig markaðssetningar til 30. júní 1992 með kynningu sem er í samræmi við fyrrnefnd ákvæði:

— kryddvín, ef bragðefni sem er eins og náttúrulegt vanillín er notað við framleiðslu þeirra,

— kryddvín, ef í stað náttúrulegra bragðefna eru notuð bragðefni sem eru eins og náttúruleg bragðefni við framleiðslu þeirra,

— kryddvín framleidd úr þykkni með gerjun sem er stöðvuð með því að bæta alkóhóli út í,

— drykkir blandaðir með kryddvínnum sem búið er að bæta alkóhóli út í.“

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Þar til settar verða nákvæmar reglur varðandi framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1601/91, eigi síðar en 30. júní 1993, er aðildarríkjunum heimilt að beita við-eigandi innlendum reglum sem voru í gildi fyrir 17. desember 1991.

2. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 1. gr. og þar til ákvörðun verður tekin um undanþágur frá reglugerð (EBE) nr. 1601/91, eigi síðar en 30. júní 1993, skulu ákvæði innlendra reglna sem voru í gildi fyrir 17. desember 1991 gilda áfram nema hlutaðeigandi aðildarríki taki ákvörðun um annað.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. gilda frá 17. október 1992.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.
